

Viðauki við greinargerð með fjárhagsáætlun 2020 – 2023

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árin 2020 – 2023 er lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 11. desember 2019. Fyrri umræða fór fram þann 20. nóvember síðastliðinn.

Breytingar hafa átt sér stað á milli umræðna og verður farið yfir þær hér á eftir. Einkum verður gerð grein fyrir breytingum á áætlun ársins 2020 en stiklað á stóru yfir áætlanir fyrir árin 2021 – 2023.

Rekstrarniðurstaða

- Áhrif breytinga á fjárhagsáætlun 2020 hækka rekstrarafgang úr 138,5 millj.kr. í 213 millj.kr.
- Rekstrarniðurstaða árið 2021 hækka úr 66,2 millj.kr. í 171,5 millj.kr.
- Rekstrarafgangur árið 2022 hækka úr 132,4 millj.kr. í 252,5 millj.kr.
- Rekstrarafgangur árið 2023 hækka úr 840,9 millj.kr. í 971,9 millj.kr.

Lántökur

- Árið 2020 - ný langtímalán eru óbreytt milli umræðna.
- Árið 2021 - ný langtímalán lækka um 100 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2022 - ný langtímalán lækka um 100 millj.kr. milli umræðna.
- Árið 2022 - ný langtímalán lækka um 150 millj.kr. milli umræðna.

Skuldahlutfall

Reiknað skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2020	133,4%	118,0%
• 2021	135,2%	120,1%
• 2022	130,0%	115,5%
• 2023	120,5%	105,9%

Skuldahlutfall

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
• 2020	139,1%	138,7%
• 2021	140,4%	139,2%
• 2022	134,8%	133,0%
• 2023	124,9%	121,9%

Breytingar á málaflokkum milli umræðna

Í töflunni hér á eftir má sjá breytingar á málaflokkum milli umræðna :

Í þús.kr.	2020 Fyrri umræða	2020 Seinni umræða	Mismunur
Aðalsjóður			
00 Skatttekjur	8.532.453	8.508.953	23.500
02 Félagsþjónusta	-1.351.806	-1.351.806	0
03 Heilbrigðismál	-2.971	-2.971	0
04 Fræðslu- og uppeldismál	-4.669.481	-4.669.481	0
05 Menningarmál	-238.611	-238.611	0
06 Æskulýðs- og íþróttamál	-851.945	-839.445	-12.500
07 Brunamál og almannavarnir	-135.477	-135.477	0
08 Hreinlætismál	-126.401	-120.509	-5.892
09 Skipulags- og byggingarmál	-305.839	-212.092	-93.747
10 Umferðar- og samgöngumál	-346.003	-346.003	0
11 Umhverfismál	-202.097	-202.097	0
13 Atvinnumál	-52.772	-52.772	0
21 Sameiginlegur kostnaður	-413.398	-413.398	0
22 Lífeyrisskuldbindingar	-100.440	-100.440	0
27 Óvenjulegir liðir	-280.000	-280.000	0
28 Fjármagnsliðir	374.034	378.723	-4.689
Aðalsjóður	-170.755	-77.426	-93.329
Aðrir sjóðir í A-hluta			
31 Eignasjóður	277.139	270.602	6.537
71 Fasteignafélag Árborgar slf.	-229.891	-229.891	0
89 Verktækni ehf.	4.358	4.358	0
33 Þjónustumiðstöð	-41.589	-41.589	0
A-hluti samtals	-160.737	-73.947	-86.790
Sjóðir í B-hluta			
51 Byggingarsjóður aldraðra	-26.223	-26.223	0
67 Fráveita	207.036	206.823	213
77 Selfossveitur	3.667	22	3.645
83 Sandvíkursetur ehf.	-32.002	-32.002	0
69 Vatnsveita	146.710	138.362	8.348
A- og B- hluti samtals	138.450	213.035	-74.585

- **Málaflokkur 00 – Skatttekjur**

Fasteignaskattsprósenta á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,2681% í 0,2544% frá gögnum í fyrri umræðu. Fasteignaskattsprósenta á íbúðarhúsnæði lækkar samtals um 7,5% milli ára. Tekjur lækka því um 23,5 millj .kr. milli umræðna.

- **Málaflokkur 06 – Æskulýðs- og íþróttamál**

Leiga til FSU vegna íþróttahússins Iðu lækkar um 15 millj.kr. og því lækka reiknaðir styrkir til íþróttafélaga í Árborg um sömu upphæð. Íþrótt- og æskulýðsstyrkir hækka um 2,5 millj.kr. vegna breytinga á íþrótt- og útivistarklúbbi UMFS:

- **Málaflokkur 08 – Hreinlætismál**

Sorphirðugjald hækkar um 5% en ekki 2,5% og hækka tekjur því um 5,9 millj .kr. milli umræðna.

- **Málaflokkur 09 – Skipulags- og byggingarmál**

Vegna sölu á lóðum vegna þéttingu byggðar aukast tekjur um 100 millj .kr. milli umræðna. Launakostnaður hækkar um 6,3 millj .kr. milli umræðna vegna 50% stöðugildis tæknimanns, 50% færast á móti á Selfossveitur.

- **Málaflokkur 28 - Fjármagnsliðir**

Um er að ræða breytingu á viðskiptastöðu aðalsjóðs við aðra sjóði sveitarfélagsins sem er vaxtareiknuð.

- **Málaflokkur 31 - Eignasjóður**

Um er að ræða breytingu á afskriftum og fjármagnsliðum vegna breytinga á fjárfestingaráætlun.

- **Málaflokkur 67 – Fráveita**

Um er að ræða breytingu á afskriftum og fjármagnsliðum vegna breytinga á fjárfestingaráætlun.

- **Málaflokkur 77 – Selfossveitur**

Launakostnaður hækkar um 6,3 millj.kr. milli umræðna vegna 50% stöðugildis tæknimanns, 50% færist á móti á málaflokk 09. Einnig er um að ræða breytingu á afskriftum og fjármagnsliðum vegna breytinga á fjárfestingaráætlun.

- **Málaflokkur 69 – Vatnsveita**

Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,1765% í 0,1721% eða um 2,5%. Tekjur lækka því um 7,9 millj .kr. Einnig er um að ræða breytingu á afskriftum og fjármagnsliðum vegna breytinga á fjárfestingaráætlun.

Breytingar á fjárfestingaráætlun

Í fyrri umræðu voru fjárfestingar árið 2020 samtals 3.227 millj.kr. og í fjárhagsáætlun sem lögð er fram til seinni umræðu hér eru fjárfestingar áætlaðar 3.306 millj.kr. Fjárfestingar hækka því um 79 millj.kr. Breytingar á fjárfestingaráætlun árið 2020 eru eftirfarandi :

- | | |
|---|----------------|
| • Eignasjóður, Austurvegur 2 endurbætur | 30.000.000 kr. |
| • Eignasjóður, kaup á landspildu í landi Geirakosts | 25.000.000 kr. |
| • Eignasjóður, gatnagerð vegna þéttingu byggðar | 6.000.000 kr. |
| • Fráveita, vegna þétting byggðar | 6.000.000 kr. |
| • Selfossveitur, vegna þétting byggðar | 6.000.000 kr. |
| • Vatnsveita, vegna þétting byggðar | 6.000.000 kr. |

Fjárfestingar áranna 2021 – 2023 eru óbreyttar á milli umræðna.